



Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Reykjavík 11. apríl 2012

Tilvísun: 201204-0022/6.01.04  
Starfsleyfi, umsagnir

### Varðandi

#### **Umsókn um afmarkaða starfsemi (frævinnslu) með erfðabreytt bygg í iðnaðarhúsnæði að Vörðusundi 1, Grindavík**

Vísað er til erindis stofnunarinnar (tilvísun UST20120300262) með fylgigögnum (umsókn ORF Líftækni hf.) þar sem óskað er eftir afstöðu Vinnueftirlitsins til flokkunar athafnasvæðisins.

Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemd við upplýsingar í umsókn ORF Líftækni hf varðandi heilbrigðissjónarmið um að ekki séu þekkt ofnæmis- og eiturvekun fyrir utan ofnæmisviðbrögð (aukið nefrennsli og hnerri) hjá sumum einstaklingum sem stafi þá oftast af sveppagróðri á plöntunni. Vinnuaðstaða verður tekin út síðar þegar hún verður tilbúin fyrir notkun.

Vinnueftirlitið er sammála Umhverfisstofnun í því að flokka skuli starfsemina undir afmörkunarflokk I sbr. viðauka 2, reglugerðar nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera.

Virðingarfyllst  
f.h. Vinnueftirlitsins

Jóhannes Helgason  
Verkefnastjóri  
Efna og hollustuháttadeild